

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 30. nóvember 1999.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartún 33/39.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 9. nóvember 1999 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 33 við Borgartún. Hluti lóðarinnar er gerður sjálfstæður og telst vera nr. 39. Jafnframt hefur verið gerð breyting á innkeyrslum.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 13. desember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar
Lindarbergs 52A, Setbergsholti, Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 26. október 1999, breytingu á deiliskipulagi Lindarbergs, suðuröxl Setbergsholts sem samþykkt var 22. maí 1995.

Breytingin felst í að leyfðar eru minniháttar útbyggingar við hús nr. 52A við Lindarberg.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. desember 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.